

SOS Barnaþorpin

Ársreikningur 2023



Hamraborg 1
200 Kópavogur

Kt. 500289-2529

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar SOS Barnaþorpanna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SOS Barnaþorpanna fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023 og efnahag þess 31. desember 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð SOS Barnaþorpunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi SOS Barnaþorpanna. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins. einar og sér eða samanlaðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnuðum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viliandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðferðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 22. apríl 2024.

Deloitte ehf.



Sigurður M. Jónsson
endurskoðandi

Áritun og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagasamtökin SOS Barnaþorpin starfa samkvæmt lögum nr. 119/2019, um félög til almannaheilla sem starfa yfir landamæri.

Aðalstarfsemi samtakanna er barnahjálp og er gert grein fyrir eðli og tilgangi samtakanna í samþykktum þeirra frá 8. febrúar 2024.

Stöðugildi á skrifstofu samtakanna voru að meðaltali 5,7 á árinu og var starfsmannavelta engin.

Framlög frá styrktaraðilum námu 722 m.kr. og studdu 20.857 einstaklingar og 579 lögaðilar við samtökin með framlögum. Á árinu voru 624,2 m.kr. sendar úr landi og 2 m.kr. nýttust í verkefni hér á landi. Af framlögum styrktaraðila voru 86,7% send úr landi eða nýtt í verkefni í þágu barna hér á landi.

Á árinu voru rekstrartekjur hærri en rekstarkostnaður og framlög til verkefna í þágu barna. Á árinu námu heildartekjur samtakanna samtals 800 m.kr. og hækkuðu 95,5 m.kr. milli ára. Heildar rekstarkostnaður samtakanna, þ.e. framlög til verkefna í þágu barna og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 767 m.kr. og hækkaði um 14 m.kr. milli ára. Hrein eign til greiðslu í hjálparstarf nam 33,4 m.kr. á árinu 2023. Á árinu sendu samtökin meðal annars fjármagn til verkefna sem aflað hafði verið áður en árið 2023 gekk í garð. Má þar nefna að samtökin sendu 44 m.kr. til neyðarverkefna og var sú fjárhæð að stórum hluta tekin af eigin fé.

Samtökin hafa skuldbundið sig til að fjármagana verkefni nokkur ár fram í tímann og tekið frá fjármuni meðal eiginfjár til þess að standa undir þeim skuldbindingum. Hrein eign félagsins í árslok var kr. 539 m.kr. en af þeim fjármunum hafa verið teknar frá kr. 339 m.kr. til þess að standa undir framtíðarskuldbindingum fjölskyldueflingar- og annarra verkefna. Þá hafa verið teknar frá 50 m.kr. í varasjóð.

Á árinu nam hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar af heildartekjum 17,5%. Inni í þeirri tölu er launakostnaður vegna beinnar umsýslu starfsfólks hér á landi við erlend- og innlend verkefni. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði erlenda og innlendra verkefna nemur kostnaðarhlutfallið 15,7%.

SOS Barnaþorpin leggja áherslu á góða stjórnarhætti og hefur stjórn t.a.m. sett sér starfsreglur. Hélt stjórn uppteknum hætti frá fyrra ári og hélt áfram á þeirri vegferð.

Stjórn samtakanna sinnti eftirliti með rekstri þeirra, stefnumótun og stuðningi við starfsfólk. Einnig sinnir hún virkri áhættustýringu í samræmi við samþykta áhættustefnu samtakanna.


Samhliða bættum stjórnarháttum fékk vinnustaðurinn viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki 2023 í flokknum lítil fyrirtæki, líkt og hann gerði árið áður.

Stjórn SOS Barnþorpanna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Kópavogur, 22. apríl 2024



Kristján Þ. Davíðsson, stjórnarformaður




Hildur Hörn Daðadóttir



María F. Rúriksdóttir



Ólafur Örn Ingólfsson



Þorsteinn Arnórsson

Framkvæmdastjóri:



Ragnar Schram

Rekstrarreikningur 1.1.2023 - 31.12.2023

	Skýr.	2023	2022
Tekjur			
Framlög SOS-foreldra og fjölskylduvina	3	475.813.909	459.537.170
Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar	4	148.755.154	157.107.526
Opinber framlög		97.400.000	94.823.418
Húsaleigutekjur		3.018.071	2.729.596
Fjármagnstekjur og gengishagnaður/(tap)		74.932.623	(9.783.514)
		<u>799.919.757</u>	<u>704.414.196</u>
 Gjöld			
Framlög send úr landi	5	624.180.560	611.657.117
Stuðningur við verkefni innanlands	6	1.947.400	5.779.083
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7	140.382.707	134.775.297
		<u>766.510.667</u>	<u>752.211.497</u>
 Hækkun/lækkun á hreinni eign til greiðslu í hjálpstarf		 33.409.090	 (47.797.301)

Efnahagsreikningur 31.12.2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteign	8	19.318.004	20.941.338
Áhöld og tæki	9	7.072.426	10.539.153
Fastafjármunir samtals		26.390.430	31.480.491
Veltufjármunir			
Óinnheimtar tekjur (kreditkort o.fl.)		12.571.420	16.096.068
Fyrirframgreidd styrktarframlög	10	206.635.692	166.899.676
Verðbréf og sjóðir	11	472.186.572	381.758.832
Handbært fé		45.187.217	135.580.881
Veltufjármunir samtals		736.580.901	700.335.457
Eignir samtals		762.971.331	731.815.948
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		150.307.227	59.777.476
Neyðarverkefnasjóður	12	50.000.000	49.433.592
Varasjóður	13	50.000.000	45.000.000
Frátekið vegna núverandi og fyrirhugaðra verkefna	14	288.791.225	351.478.294
Eigið fé samtals		539.098.452	505.689.362
Skammtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldbinding vegna innheimtra styrktarframlaga	15	197.656.093	199.000.070
Ýmsar skammtímaskuldir		26.216.786	27.126.516
Skuldir samtals		223.872.879	226.126.586
Eigið fé og skuldir samtals		762.971.331	731.815.948

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SOS-Barnaþorpin eru almannaheillafélag með starfsemi yfir landamæri og er megin starfsemi samtakanna fólgin í barnahjálpi. Lögheimili félagsins er að Hamraborg 1, 200 Kópavogi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, nema hvað varðar verðbréf sem eru metin á gangvirði. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að grundvöllur sé til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er í íslenskum krónum.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir eru í samræmi við lög um ársreikninga. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

Framlög

Framlög eru færð þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samtakanna og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Framlög eru metin á gangvirði þegar þau berast.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Gengi

	2023	2022
EUR 31/12	150,5	151,5

3. Framlög SOS-foreldra og fjölskylduvina

	2023	2022
Framlög SOS-foreldra	443.060.704	428.055.171
Gjafir til barna og þorpa	14.330.637	13.602.330
Framlög fjölskylduvina	18.422.568	17.879.669
	<u>475.813.909</u>	<u>459.537.170</u>

4. Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar

Undir þessum lið er meðal annars símasöfnun, neyðarsafnanir, valgreiðslur, vörusala, fjáröflun í tengslum við Reykjarvíkurmaraþon, jólafjáröflun, myntsöfnun og fyrirtækjasamningar.

Skýringar

5 Framlög send úr landi

	2023	2022
Framlög til barnaþorpa*	376.601.598	363.846.895
Gjafir til styrktarbarna og þorpa	14.330.637	13.602.330
Framlög til verkefna á ábyrgð SOS á Íslandi	124.147.038	98.115.335
Framlög til neyðarverkefna	43.903.672	42.340.395
Framlög til SOS International**	61.941.786	67.528.091
Önnur framlög	3.255.829	26.224.071
	<u>624.180.560</u>	<u>611.657.117</u>

* Af framlögum SOS-foreldra er 85% send út til barnaþorpa. SOS á Íslandi heldur eftir 15% sem er nýtt við rekstur á skrifstofu, þjónustu við styrktaraðila og öflun nýrra.

** Framlag til SOS International fer meðal annars í að sinna eftirliti í barnaþorpum og á vettvangi verkefna, sem og rekstur alþjóðskrifstofu. Tæpur helmingur þessa framlags fer í að greiða þennan kostnað fyrir þau lönd sem ekki geta sjálf staðið undir þessum kostnaði. Framlagið er greitt í evrum og lækkaði um tæpar 65 þúsund evrur milli ára.

6. Stuðningur við verkefni innanlands

	2023	2022
Gerð fræðsluefnis um réttindi barna - Barnsáttmálinn	0	2.998.701
Styrkur til Umhyggju fyrir systkin langveikra barna*	1.947.400	2.093.782
Styrkur til leikskóla - sérkennslutæki*	0	170.000
Styrkur til Reykjanesbæjar vegna ærslabelgs*	0	516.600
	<u>1.947.400</u>	<u>5.779.083</u>

* Þessir styrkir eru fjármagnaðir að öllu leiti í gegnum alþjóðlegan styrktarsamning við Heimstaden, sem gerir kröfu um að SOS á Íslandi starfræki innanlandsverkefni. Um mitt ár 2024 mun fyrirtækjasamstarfi SOS á Íslandi og Heimstaden á Íslandi ljúka.

7. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2023	2022
Launakostnaður*	60.251.219	55.830.037
Launatengd gjöld	14.656.058	13.685.604
Tilkostnaður vegna fjáraflana	25.695.248	23.196.867
Upplýsingatækni og rekstur tölvukerfa	10.766.657	13.768.988
Kynningar- og markaðsmál	11.274.070	8.495.971
Afskrift fasteignar og fastafjármuna	5.090.061	5.506.728
Aðkeypt þjónusta og ráðgjöf	3.598.591	1.981.424
Rekstur fasteignar	1.728.685	1.526.174
Breyting á áfallinni orlofsskuldbindingu	(252.651)	3.530.675
Ýmis annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7.574.769	7.252.829
	<u>140.382.707</u>	<u>134.775.297</u>

Skýringar

* Launakostnaðar eftir áherslupáttum í starfseminni:	2023	2022
Fjáröflun	9.419.434	8.848.212
Þjónusta við styrktaraðila	13.454.721	13.466.529
Erlend verkefni á ábyrgð SOS á Íslandi	8.510.134	6.848.209
Kynningar- og markaðsmál	10.037.918	9.350.423
Innanlansstarf og -verkefni	6.094.006	5.625.176
Mál tengd alþjóðaskrifstofu	5.536.751	5.288.610
Rekstur skrifstofu (fjármál, upplýsingatækni o.fl.)	21.854.313	20.088.482
	<u>74.907.277</u>	<u>69.515.641</u>

Stöðugildi hjá SOS Barnaporpunum voru að meðaltali 5,7 á árinu 2023 en voru 5,6 árið 2022.

8. Fasteign

Fasteignin er skráð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum fyrningum.

	2023	2022
Stofnverð 1/1	40.583.344	40.583.344
Afskrifað alls 1/1	(19.642.006)	(18.018.672)
Afskrifað á árinu	(1.623.334)	(1.623.334)
Bókfært verð 31/12	<u>19.318.004</u>	<u>20.941.338</u>
Afskriftarhlutföll	4%	4%

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti.

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir	<u>82.370.000</u>	<u>97.179.629</u>

9. Áhöld og tæki

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

	2023	2022
Stofnverð 1/1	15.487.508	14.751.263
Afskrifað alls 1/1	(4.948.355)	(3.097.912)
Viðbót á árinu	0	2.769.196
Afskrifað á árinu	(3.466.727)	(3.883.394)
Bókfært verð 31/12	<u>7.072.426</u>	<u>10.539.153</u>
Afskriftarhlutföll	20-33%	20-33%

Skýringar

10. Fyrirframgreidd styrktarframlög

SOS International starfrækir greiðslukerfi fyrir styrktarframlög (Shared Treasury Services / STS kerfi). Ársfjórðungslega greiðir SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem síðan dreifir styrktarframlögum til móttökulanda. Í desember ár hvert greiðir t.a.m. SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem er svo dreift áfram til landanna á fyrsta ársfjórðungs næsta árs. Inneign SOS á Íslandi nam þannig í árslok 2023 kr. 206.635.693.

11. Verðbréf og sjóðir

	2023	2022
- Eignastýring Landsbankans*	405.679.864	381.758.832
	405.679.864	381.758.832

* Markaðsvirði sjóða og verðbréfa skiptast eftirfarandi:

Blandaðir sjóðir	2023	2022
Landsbréf - Einkabréf A hs	405.984.998	375.315.251
	405.984.998	375.315.251

Innlendar innstæður og peningamarkaðsgerningar	2023	2022
Áfallin umsýslubóknun	(398.911)	(425.517)
Íslenskar krónur 0130-26-010828	93.777	6.869.098
	(305.134)	6.443.581

	2023	2022
- Veltubréf (sjóðir í rekstri Landsbréfa)	66.506.708	0
	66.506.708	0

* Á árinu 2022 nam fjárhæð veltubrifa 84.053.144 kr. og voru flokkuð meðal handbærs fjár.

Samtals	472.186.572	381.758.832
---------------	-------------	-------------

12. Neyðarverkefnasjóður

Teknir hafa verið frá fjármunir í neyðarverkefnasjóð. Er þetta gert til þess að unnt sé að bregðast hratt við þegar beiðni um neyðaraðstoð berst.

13. Varasjóður

Teknir hafa verið frá fjármunir sem ætlað er að standa undir rekstri SOS á Íslandi verði skyndileg tekjustöðvun. Alþjóðaskrifstofa SOS mælir með því að hver landsskrifstofa eigi sjóð sem stendur undir 4-9 mánaða rekstarkostnaði innanlands. SOS á Íslandi miðar við að varasjóður standi straum af starfsemi samtakanna í sex mánuði.

Skýringar

14. Frátekið fyrir framtíðarverkefni

SOS á Íslandi hefur tekið frá fjármuni til þess að standa undir núverandi og fyrirhuguðum erlendum verkefnum.

	2023	2022
Grænlandi (fyrirhugað verkefni)	37.636.338	37.636.338
Eþíópía (fyrirhugað verkefni)	0	67.000.000
Fjölskyldueflingar- og önnur þróunarverkefni*	251.154.887	246.841.956
	<u>288.791.225</u>	<u>351.478.294</u>

* Á árinu 2023 starfræktu SOS á Íslandi fimm langtímaverkefni og hefur SOS á Íslandi tekið frá fjármuni meðal eigin fjár til þess að standa straum af skuldbindingu sinni vegna verkefnakostnaðar. Í töflunni hér að neðan má annars vegar finna upplýsingar um þann hluta verkefnakostnaðar sem SOS á Íslandi ber að standa straum af og hins vegar upplýsingar um heildarkostnað á verkefni. Athugið að ekki eru teknir frá fjármunir vegna skuldbindinga sem eru fjármagnaðar af öðrum SOS samtökum. SOS í Noregi hefur skuldbundið sig til þess að fjármagna að hluta verkefni sem SOS á Íslandi starfrækir í Rúanda og SOS í Svíþjóð hefur skuldbundið sig til þess að fjármagna að hluta verkefni sem SOS á Íslandi starfrækir í Tógó.

	Hlutdeild SOS IS	Heildarkostnaður
Malaví (verkefni lýkur í árslok 2025)	60.524.751	60.524.751
Rúanda (verkefni lýkur í árslok 2025)	28.629.144	44.087.143
Sómalía/Somalíland II (verkefni lýkur í árslok 2024)	39.109.890	39.109.890
Tógó II (verkefni hófst 2023)	30.143.100	39.735.406
Eþíópía III (verkefni hefst 2024)	92.748.000	92.748.000
	<u>251.154.885</u>	<u>276.205.190</u>

15. Skuldbinding vegna innheimtra styrktarframlaga

Skuldbinding er vegna framlaga SOS-foreldra og barnaþorpsvina frá 1. júlí 2023 til ársloka 2023. Fjárhæð þessi kemur til greiðslu á fyrstu sex mánuðum ársins 2024.

	2023	2022
Nettó skuldbinding vegna styrktarframlaga	(8.979.599)	32.100.394
Fyrirframgreidd styrktarframlög (skýring nr. 10)	206.635.692	166.899.676
Skuldbinding vegna innheimtra styrktarframlaga	<u>197.656.093</u>	<u>199.000.070</u>

16. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Endanleg niðurstaða dómstóla lá fyrir í erfðamáli þar sem SOS Barnaþorpin tóku til varna þegar Hæstiréttur hafnaði kærubeiðni sóknaraðila þann 12. mars. Skiptum dánarbús er ólukið en áætluð fjárhæð sem mun renna til SOS Barnaþorpanna er um 130 milljónir kr.

